

Landsvirkjun
Agnar Olsen
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2003
UST20030400003

Umhverfisstofnun vísar til bréfs Landsvirkjunar frá 28. mars sl. þar sem óskað er eftir formlegri afstöðu og samþykki stofnunarinnar á tillögu að veitutilhögun Norðlingaölduveitu. Jafnframt er vísað til frekari gagnaöflunar Umhverfisstofnunar og funda sem starfsmenn Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar hafa haldið um tillögu fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun telur það hvorki vera lögmælt hlutverk stofnunarinnar að fallast á né hafna tillögu Landsvirkjunar með stjórnvaldsákvörðun. Hins vegar er stofnuninni heimilt að veita Landsvirkjun umsögn um hvort slík hættu sé samfara fyrirhuguðum framkvæmdum fyrirtækisins, eins og þær hafa verið kynntar stofnuninni, að þær geti spillt friðlandinu í Þjórsárverum, sbr. auglýsingu nr. 507/1987 um friðland í Þjórsárverum. Ef slík hættu er fyrir hendi leiðir það til þess, að óbreyttri veitutilhögun, að sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdunum skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd (NVL). Slík umsögn er jafnframt í samræmi við það skilyrði í úrskurði setts umhverfissráðherra vegna kæra á mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu, frá 30. janúar sl., að framkvæmdaaðili hafi samráð við Umhverfisstofnun um ýmsa þætti framkvæmdanna. Við mat á tillögu Landsvirkjunar hefur Umhverfisstofnun tekið tillit til úrskurðar setts umhverfissráðherra. Hjálögð er umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu Landsvirkjunar.

Niðurstaða Umhverfisstofnunar er að fyrirhugaðar framkvæmdir Landsvirkjunar við Þjórsárver, eins og þær hafa verið kynntar stofnuninni, hafi ekki langtímaáhrif inn í friðlandið í Þjórsárverum og skapi því ekki hættu á að friðlandinu verði spillt. Byggir niðurstaða stofnunarinnar á neðangreindum forsendum:

Lón við Norðlingaöldu

- að langvarandi uppsöfnun aurs eigi sér ekki stað á sléttlendinu fyrir neðan friðlandið. Þetta þýðir að lónshæð að sumarlagi, þegar aur er hvað mestur í ánni, verður að vera við eða fyrir neðan 566 m y.s. að jafnaði svo aurskolun verði sem best. Sumarvatn Þjórsár telst að öllu jöfnu vera árrennsli hennar á tímabilinu frá apríl til október ár hvert, sem nánar útfærist í rekstraráætlun í samráði við Umhverfisstofnun
- að mannvirki valdi ekki hækkun á vatnsborði við friðlandsmörkin í “100 ára flóði” umfram þá hækkun sem á sér stað við náttúrlegar aðstæður,
- að ítarleg áætlun liggi fyrir um veitutilhögunina, þ.m.t. rekstraráætlun fyrir lónið þar sem fram koma tímasetningar á sumarstöðu og vetrarstöðu lónsins,

vöktunaráætlun sem tekur mið af nákvæmum líkanreikningum um aurburð í lónsstæðinu og áætlun um hvernig megi bregðast við ef rekstur lónsins sýnir að áhrif inn í friðlandið verða önnur og meiri en útreikningar hafa sýnt,

Setlón austan við friðlands

- að sakir óvissu varðandi rennsli í kvíslunum sé óvarlegt að gera ráð fyrir minna en að a.m.k. 3 m³/s vatns verði veitt niður eftir farvegi Þjórsárverakvísla og að settar verði upp viðeigandi áætlanir um viðbótar rannsóknir og eftirlit,
- að sýni vöktun að grunnvatnsstaða lækkar í verunum og landið þornar þarf að gera ráð fyrir frekara rennsli til að koma í veg fyrir áfök og til að tryggja að grunnvatnsstaða innan friðlandsins haldist sem næst óbreytt.

Umhverfisstofnun vill ennfremur taka fram að það er álit stofnunarinnar, eftir að hafa kynnt sér tillögu Landsvirkjunar, að hærri lónstaða en 566 m y.s. hafi áhrif í Eyvafeni sem er utan við friðlandið. Hafa verður í huga að Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur sett fram hugmyndir um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum sem miða m.a. að því að Eyvafen verði innan þess. Þessar tillögur er að finna í drögum að Náttúruverndaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur unnið og eru nú til almennrar kynningar. Endanleg ákvörðun um stækkun friðlandsins er í höndum Umhverfisstofnunar, skv. 53. gr. NVL.

Samkvæmt b. lið 6. gr. NVL fer Umhverfisstofnun með eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum. Á grundvelli þessa ákvæðis telur stofnunin að henni beri að hafa eftirlit með framkvæmdum Landsvirkjunar við Þjórsárver í samræmi við þann lagagrundvöll sem stofnunin starfar eftir og að virtum skráðum og óskráðum meginreglum stjórnisýsluréttarins, óháð eftirlitshlutverki hennar með náttúruverndarsvæðum skv. a. lið 6. gr. NVL. Í ljósi umfangs fyrirhugaðra framkvæmda og þess að um viðkvæmt landsvæði er að ræða, m.a. með tilliti til vistfræðilegra þátta og nálægðar við friðlýst svæði, telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum Landsvirkjunar við Þjórsárver á grundvelli 2. mgr. 7. gr. NVL. Óskar stofnunin eftir að gera samkomulag við Landsvirkjun um slíkt eftirlit, verði af framkvæmdum fyrirtækisins við Þjórsárver.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurður Örn Guðleifsson hdl.